

# Fundargerð 431. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2021, föstudaginn 22. janúar kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Magnús Þór Ásmundsson, Pétur Ólafsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Ólafur Þór Snorrason.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari og Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem sat fundin undir lið 1 og 2.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

Hanna Björg Konráðsdóttir komin inn á fundinn kl. 12:00.

### 1. Úrvinnslusjóður - veiðafærasamningur við SFS - 2012002HA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 22. janúar 2020. Bryndís Gunnlaugsdóttir gerði grein fyrir stöðu mála.

*Stjórn Hafnasambands Íslands þakkaði Bryndísi kærlega fyrir góða og skýra kynningu.*

### 2. Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum - yfirferð á stöðu mála - 2011001HA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 22. janúar 2020, um stöðu mála. Bryndís Gunnlaugsdóttir gerði grein fyrir stöðu mála.

*Formanni falið að fylgja málinu eftir.*

Bryndís Gunnlaugsdóttir vék af fundi kl. 12:30.

### 3. Fundargerð 430. fundar - 2009155HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 430. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 11. desember 2020.

*Ábending kom að rangt væri farið með fulltrúa í starfshóp um hafnafund 2021 þar sem Eydís er tvítalin. Það rétta er að Pétur Ólafsson á að vera fulltrúi ásamt Eydísi og Lúðvík. Að öðru leyti er fundargerðin staðfest og verður undirrituð á næsta viðverufundi.*

### 4. Verklag í kringum tjón í höfnum - 2010002HA

Tekið fyrir að nýju, áður á dagskrá stjórnar 19. október 2020, en þá var starfsmanni falið að skoða málið. Einnig lagður fram tölvupóstur Vátryggingafélags Íslands hf., dags. 28. október 2020, um leiðbeinandi reglur vegna tilkynningar á tjónum vegna ásiglingar báta á hafnarmannvirki.

*Samþykkt að vinna frekar í málinu og taka þetta málefni til umræðu á hafnafundi í maí.*

Hanna Björg Konráðsdóttir vék af fundi og sat ekki fundinn undir lið 5.

**5. Tengigjald við tengingu hafna - 2010001HA**

Farið verður yfir stöðu mála vegna tengigjalds við rafmagnstengingu hafna.

**6. Samráð Fiskistofu og Hafnasambands Íslands - 2011001HA**

Lagt fram bréf Fiskistofu, dags. 17. desember 2020, þar sem óskað er eftir fundi með forsvarsmönnum Hafnasambands Íslands um framkvæmd samstarfs stofnunarinnar við hafnasambandið.

**7. Dagskrá hafnafundar - 2101001HA**

Kynnt verða drög að dagskrá hafnafundar 2021.

Fundi var slitið kl. 13:10

---

Lúðvík Geirsson

---

Eydís Ásbjörnsdóttir

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Hanna Björg Konráðsdóttir

---

Magnús Þór Ásmundsson

---

Pétur Ólafsson

---

Rebekka Hilmarsdóttir

---

---

Alexandra Jóhannesdóttir

---

Björn Arnaldsson

---

Ólafur Þór Snorrason

---

Valur Rafn Halldórsson